



Í þessu fréttabréfi

Skólaslit 2008

Skólaslit verða 5. júní sem hér segir.

1.—6. bekkur	kl. 10:00
7.—9. bekkur	kl. 11:00
10. bekkur	kl. 13:00

Foreldrar eru hvattir til að mæta með nemendum á skólaslitin.

Vorsýning

Sýning á verkum nemenda verður haldin í Njarðvíkurskóla fimmtudaginn 29. maí kl. 16-19. Allir velkomnir á sýninguna. Nemendur 9. bekkjar baka vöflur og verða með heitt á könnunni á kaffihúsi skólans. Það kennir ýmissa grasa á sýningunni sem fyrr, allt frá ritverkum upp í stærðfræðiþorp í þrívídd.

Vorhátíð

Vorhátíð skólans verður föstudaginn n.k. kl. 10:45 – 13:00. Mæting í stofu og manntal tekið. Skrúðgangan leggur af stað frá skólanum í norðurátt kl. 11:00. Að því loknu er frjáls dagskrá þar sem nemendur taka þátt í ýmsum leikjum og fl.. Foreldrafélagið grillar pylsur og nemendaráð kynnir vinsældarkosningar ofl. Í lok vorhátíðar mun fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla afhenta skólanum gjafir í tilefni 65 ára afmælis skólans.



Þemadagar

Dagana 2. – 4. júní verður hefðbundin kennsla brotin upp og nemendur vinna í smíðjum frá kl. 8:15 - 11:15 / 12:00. Að því loknu eru nemendur hjá umsjónakennara sínum til loka skóladags, þ.e. 1. – 2. bekkur til 13:20 og 3. – 10. kl. 14:00. Markmið þemadaga er að efla fjölbreytileika í skólastarfinu enn meir. Nemendur í 1. – 8. bekk fara í vorferðalag á einum af þessum dögum. Þemadagarnir vöktu mikla lukku í fyrravor og var því ákveðið að halda svipuðu sniði í ár.



Skólaslit	1
Vorsýning	1
Vorhátíð	1
Þemadagar	1
9. bekkur að Laugum	2
10. bekkur á ferð...	2
Vorferðir nemenda 1.-8.b	2
Skóli til fyrirmyndar—PBS í Njarðvíkurskóla	3
Rafræn innritun í framhaldsskóla	4
Útivistartími barna	4
Frístundaskólinn	4
Óskilamunir	4
Kveðjur	4



Vefsíða skólans:

www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólalastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000

9. bekkur á Laugum

Víkuna 13.-16. maí fóru nemendur 9. bekkjar í vorferð að Laugum í Sælingsdal. Þar eru starfræktar skólabúðir á vegum UMFÍ fyrir 9. bekkinga landsins. Með okkur á Laugum var einnig Rimaskóli úr Grafarvogi.

Þarna eru dagarnir skipulagðir af starfsfólki á staðnum sem sér um alla dagskrá með aðstoð kennara. Nemendum var skipt upp í hópa þar sem þeir söfnuðu sér inn stigum í þrjá daga meðan hópurnir starfaði. Lögð var áhersla á hreyfingu og ræðumennsku ásamt hópefli. Nemendur fóru í gönguferðir, lærðu grunninn í ýmsum sirkuslistum ásamt brjóstsykursgerð. Á kvöldin var mismunandi dagskrá þar sem nemendur kepptu í ræðulist, haldin var tónlistarkeppni, hæfileikakeppni og sundlaugapartý að ógleymdri “drag”-keppni stráka.

Skemmst er frá því að segja að þó svo að okkar krakkar hafi verið þó nokkuð færri þá vorum við áberandi í öllum keppnum og sigruðum þær nær allar. Farið var í heimsókn í tilgátubæinn Eiríksstaði í Haukadall, fjárbú og kúabú í Dölunum. Nemendur okkar voru svo heppnir að geta fylgst með því þegar kind bar.

10. bekkur á ferð um Suðurlandið

Lagt var í ferðina frá Njarðvíkurskóla kl. 13:00. Þriðjudaginn 13. maí og komið heim föstudaginn 16. maí. Ferðin stóð yfir í fjóra daga og var gíst á Hótel Hlíð í Ölfusi. Í ferðinni fóru þau í Adrenalíngarðinn, svifbraut yfir gljúfur, fossa og fljót, flúðasiglingu og paintball. Nemendur voru mjög ánægðir með ferðina og skemmtu sér hið besta. Eins og ávallt voru þau sjálfum sér og skólanum til sóma

Á vordögum kom Svanhildur Eiríksdóttir bókmenntafræðingur á bókasafni Reykjanesbæjar og kynnti sumarlesturinn fyrir nemendum í 1. – 7. bekk. Bæklingur frá bókasafninu mun fylgja með einkunnarblöðum á skólaslitum og geta þeir skráð fjölda bóka sem lesinn er yfir sumartímann. Eftir hverja þrjár lesnar bækur fá nemendur hvatningarverðlaun frá bókasafninu. Við hvetjum alla nemendur til að vera duglegir að lesa í sumar.

LESTUR ER BESTUR.

Vorferðir nemenda í 1. – 8. bekk eru að þessu sinni skipulagðar dagana 2. til 4. júní. Nemendur munu m.a. heimsækja Sólbrennskóg, Hraðastaði þar sem þau komast í tæri við sveitalífið. Töfragarðurinn á Stokkseyri verður einnig heimsóttur, hestaferð er inn í myndinni og Laser Tak. Markmið Njarðvíkurskóla með vorferðum hefur ætíð verið að nemendur fræðist og skemmti sér með bekkjafélögum sínum undir stjórn umsjónarkennara. Starfsfólk skólans hefur farið í margar ferðir með nemendum og hafa þeir ávallt verið sér og skólanum til sóma og er viðbúið að slíkt verði einnig upp á teningnum nú.

Sumarlestur

Vorferðir nemenda 1.–8. bekk



Skóli til fyrirmynda—PBS í Njarðvíkurskóla

Eins og kynnt var í síðasta Tengli er Njarðvíkurskóli að innleiða agakerfi sem er heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun og kennt við PBS. Þetta agakerfi byggir á jákvæðri hegðunarmótun og áhersla er lögð á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni auk þess sem jákvæð hegðun er styrkt með markvissum hætti. Markmið með PBS er að:

- að auka félagsfærni og námsárangur með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun
- að draga úr hegðunarvanda með því að búa til skýrar og einfaldar reglur
- að samræma aðgerðir alls starfsfólks skólans til þess að auka æskilega hegðun og koma í veg fyrir óæskilega

Í skólanum vinnur þverfaglegt teymi að undirbúning innleiðingar undir stjórn skólastjórnenda og handleiðara teymis sem er Herdís Finnbogadóttir skólasálfræðingur.

Á undirbúningsárinu okkar höfum við útbúið reglufylki út frá einkunnarorðum skólans sem eru **Virðing – Ábyrgð – Vinsemd**. Í reglufylkinu kemur fram hvaða væntingar við höfum til hegðunar nemenda á öllum svæðum skólans. Reglufylkið verður betur kynnt foreldrum á næsta skólaári en sem dæmi þá eru væntingar til hegðunar á skólalóð undir einkunnarorðinu *Vinsemd* þessar:

- passa upp á hvert annað
- allir jafnir og allir velkomnir í leik
- nota falleg orð í leik

Áherslurnar hjá okkur á næsta skólaári eru að fara í gegnum hvert svæði með nemendum og sýna þeim og kenna hvers er vænst af þeim á hverju svæði. Í skólabyggingunni eru hengdar upp myndir í augnhæð nemenda sem sýna margar af þeim reglum og væntingum sem gilda og sem hjálpa nemendum að muna hvernig þeir eiga að haga sér. Á undirbúningsárinu okkar höfum við líka verið að vinna að umbunarkerfi fyrir nemendur sem virkar þannig að þegar nemendur sýna af sér háttvísi og rétta hegðun geta þeir fengið hrós og/eða umbunarmerki. Þessum merkjum safna nemendur í hverjum bekk saman og þegar ákveðnu magni er náð fær hópurinn fyrirfram ákveðna umbun, t.d. spilatíma, útileiki ofl.

Einnig höfum við útbúið agaferil sem fer af stað þegar nemendur sýna óæskilega hegðun en þá er reynt eftir fremsta megni að beina nemendum inná þá braut að leiðrétta hegðun sína. Ef það tekst ekki þá er ákveðinn agaferill sem fer af stað. Skráningar á óæskilegri hegðun fara fram bæði í gegnum Mentor, skráningarkerfi skólans og með því að hafa samband við foreldra, allt eftir alvarleika hegðunarinnar.

Það skiptir miklu máli að gott samstarf sé milli skóla og heimilis og mikilvægt að foreldrar fylgi eftir athugasemdum bæði um jákvæða og neikvæða hegðun með því að ræða hlutina, koma með athugasemdir og hrós eftir því sem við á.



Sumarleyfi nemenda hefst föstudaginn 6. júní.
Skólasetning í haust verður föstudaginn 22. ágúst.
Hittumst hress og kát að loknu sumarleyfi.



RAFRÆN INNRIÐUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Nemendur í 10. bekk þurfa að sækja rafrænt um í framhaldsskóla. Fara skal inn á www.menntagatt.is og slá þar inn lykilorð sem nemendur hafa þegar fengið í skólanum eða sent heim. Lokað verður fyrir skráningu á miðnætti þann 11. júní. Mikilvægt er að nemendur hafi fyllt út umsóknina fyrir þann tíma svo skólavist sé vís. Grunnupplýsingar, eins og t.d.nafn og kennitala, færast sjálfkrafa inn.

Nemendur sem þurfa að fara í fornám verða að panta tíma, ásamt foreldri sem fyrst, hjá námsráðgjafa í FS í síðasta lagi fyrir 11. júní.

Í skólanum hefur safnast saman mikið af óskilamunum. Á vorhátíðardaginn verða allir óskilamunir settir á salinn og foreldrar eru hvattir til að fara yfir þá og athuga hvort þeir kannist við

ÓSKILAMUNIR



ÚTIVISTARTÍMI B ARNA

Þann 1. maí lengdist útivistartími barna um 2 tíma til 1. september. Hann er sem hér segir: Börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir 24:00, miðað er við aldursár. Það er mikilvægur þáttur í forvörnum að virða útivistartímann!

FRÍSTUNDA- SKÓLINN



4. júní er síðasti dagurinn sem frístundaskólinn er opinn á þessu skólaári. Foreldrar nemenda í 1.-4. bekk eru hvattir til að sækja um í frístundaskóla fyrir næsta skólaár til að vera vissir um að börn þeirra fái aðgang. Athugið að sækja þarf um vistun í frístundaskólann árlega.

Kæru nemendur og foreldrar!

Þökkum ykkur fyrir veturinn og óskum ykkur gleðilegs sumars!

Starfsfólk Njarðvíkurskóla.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.